

## Trúnaðarmannaráð Sameykis

<b>Dags. 26.06.2023</b>	<b>Kl. 13:15</b>	<b>Staður: Gullhamrar</b>
<b>Fundaboðari: KEA</b>	<b>Fundarritari: EHJS</b>	Teams

### Dagskrá

1. Fundur settur – Þórarinn Eyfjörð
2. Staðan á vinnumarkaði - Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags – og vinnumálaráðherra
3. Staðan í kjaramálunum – Þórarinn Eyfjörð

### Kaffihlé

4. Fjármálaáætlun ríkistjórnarinnar – Heiður Margrét Björnsdóttir, hagfræðingur BSRB
5. 1.maí hvatning – Þórarinn Eyfjörð

### 1. Fundur settur:

Þórarinn setti fundinn. Hann bauð alla velkomna bæði raunheimum og netheimum. Enn fremur bauð hann gesti fundarins velkomna

### 2. Staðan á vinnumarkaði:

Guðmundur Ingi fór yfir helstu pólitísku áherslurnar sem fylgdu honum yfir í félags- og vinnumálaráðuneytið.

- Landvernd og umhverfismál.
- Umbylting á örorkulífeyri
  - Endurskoðun á kerfinu.
  - Þjónustan byggir á því að aðstoða fólk. Stórt vinnumarkaðsmál að fólk geti verið á vinnumarkaði án þess að vera í 100% vinnu. Mikilvægt að nýta allar hendur sem mögulega geta unnið
- Vill sjá opnari vinnumarkaði.
  - Þurfum að opna markaði fyrir fólki. Meiri fjölbreytni og aukin tækifæri.
- Málefni fatlaðs fólks
  - Jákvæðar breytingar sl. 20-30 ár. Finnum þó fyrir fordómum og að litið sé niður á fatlað fólk.
  - Áskoranir sem margir standa frami fyrir í daglegu lífi má margfalda í lífi þeirra sem eru með fatlanir
- Bæta þjónustu við eldra fólk.
  - Sett af stað vinna og aðgerðaráætlun á síðasta ári.
  - Ætlum að hafa eitt kerfi þar sem einstaklingur er þungamiðjan.
- Hafa í huga baráttuna gegn fátækt, félagslegri einangrun og almennri vanlíðan.
- Vonast eftir stærri skrefum í átt að jafnrétt kynjanna.
- Húsnæðismálin
  - Staðan í málum þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu eign.

- Staðan á leigumarkaðnum
- Tæknibreytingar og endurmenntunartækifæri.
  - Það hverfa störf og ný störf verða til í staðinn og önnur störf breytast.
- „Gigg“-hagkerfið, þar sem einstaklingar vinna í verktöku
  - Hvernig náum við betur í þetta fólk til að vernda réttindi þeirra.
- Vinnuvernd
  - Mikilvæg sem hluti af vinnumarkaðnum. Erum að koma á rannsóknarsjóði á vegum ríkisstjórnar. Hvaða áhrif hefur mikið álag á fólk andlega og líkamlega? Reynir meira á fólk í dæmigerðum kvennastörfum. Þurfum að reyna að grípa til fyrirbyggjandi aðgerðar.
  - Kulnun = álag. Álag getur verið af öðrum ástæðum en kulnun.
  - Megum ekki gleyma vinnuvernd þegar við tölum um vinnumarkaðinn.
- Samhæfingarnefnd um velferð og virkni á vinnumarkaði.
  - Aukinn stuðningur við fatlaða og þá sem hafa dottið út af vinnumarkaði og hjálpa þeim að komast aftur út á vinnumarkaðinni.
  - NEET-hópurinn – aðstoð við fólk sem er ekki í vinnu, ekki í námi og ekki í virkri þjálfun.
    - Marhópurinn er fólk á aldrinum 18-25 ára og þarf á aðstoð að halda til að komast áfram á vinnumarkaðnum.
    - Aðstoð við fólk sem er búí ð að vera 12 mánuði eða lengur á atvinnuleysissskrá að danskri fyrirmynd. Viðtöl og flokkun fólks eftir hvort það eigi heima á atvinnuleysissskrá eða á örorkulífeyri.
    - Mat á stöðu þessa fólks hjálpar okkur að greina líkurnar á að þetta fólk komist aftur út á vinnumarkaðinn.

Þórarinn þakkaði Guðmundi Inga og gaf orðið laust fyrir umræður og spurningar.

### 3. Staðan í kjaramálunum:

Þórarinn fór yfir stöðuna í kjaramálunum. Þessi vetur hefur verið mjög annasamur vegna mikils fjölda kjarasamninga. Flestir samningarnir hafa gengið þokkalega. Samtalið hefur oftast falið í sér lausnir og gengið nokkuð vel. Samfélagsmál, stríð og heimsmál hafa spilað þarna inn í. Markmiðið var að fara fram með skammtímasamning til að gefa okkur tækifæri til að gera síðan samning með bjartari framtíð og lengri samning að markmiði. Því hafa samningarnir núna fyrst og fremst snúist um launaliðina.

Eigum eftir nokkra samninga sem þarf að klára í vor og aðra sem opnast í haust og svo eigum við eftir sveitafélögin.

Viðræður við SÍS (Samtök íslenskra sveitafélaga) gengu vel framan af. Umræðan var skýr frá okkar hendur með gilditíma f.o.m. 01.01.2023 en ekki 31.03.2023 eins og við sömdum um í síðasta kjarasamningi. Ástæðan er að nokkur félög innan SÍS sömdu um óútfyllta launatöflu frá og með 01.01.2023 og í fundargerð kemur fram að hækkunin verði um 10%. Þetta þýðir að verið er að mismuna fólki launalega fyrir sömu störf og er það lögbrot. Ekki hefur tekist að ná sáttum um þetta og samninganefnd SÍS segir þvert nei.

Við höfum slitið viðræðum við SÍS og vísað deilunni til Ríkissáttasemjara. Erum að fara í verkföll hjá ákveðnum vinnustöðum hjá hinum ýmsum sveitafélögum, fyrst og fremst í skólum og leikskólum og hafnarstarfsmönnum. Munu verkföllin hefjast mánudaginn 15. maí og verða skærverkföll. Um er að ræða sameiginlegt verkefni verkalýðsfélaganna og mun kostnaður deilast skv. því.

Þetta er ekki léttvæg ákvörðun en við verðum að standa í lappirnar og styðja okkar fólk. Sanngirniskrafa launafólks að fá sömu laun fyrir sömu vinnu.

Erum að klára samninga að öðru leyti skv. áætlun.

Þórarinn opnar fyrir umræður.

## Kaffihlé

### 4. Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2024-2028:

Fjármálaáætlunin ríkisstjórnarinnar byggir á áætluðum hagvexti áruanna 2024-2028. Heildarjöfnuður verður neikvæður til loka tímabilsins en frumjöfnuðurinn jákvæður. Vaxtagjöldin eru há og því mikilvægt fyrir okkur að greiða niður skuldir.

Heiður fór yfir mikilvægustu liðina í fjárhagsáætluninni og athugasemdir BSRB.

- Takmörkuð tekjuöflun þar sem almenningur greiðir aukna skatta.
  - Álögur aukast fyrst og fremst á almenning en ekki fyrirtæki.
  - Litlar sem engar breytingar eru mikil vonbrigði. Fyrst og fremst verið að hækka álögur á almenning.
- Útgjöld - stærstu málaflokkarnir heilbrigðismál, húsnæðismál, félagsmál.
  - Heilbrigðismá:
    - Litlar breytingar í heilbrigðismálum
    - Fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu og greiðsluþátttöku í fjármálaáætlun munu að óbreyttu auka heilsuójöfnuð.
  - Húsnæðismál:
    - Húsnæðissáttmáli. Framlög duga ekki til að uppfylla þörfina fyrir nýju húsnæði.
    - Leigu- eða húsnæðiskostnaður of hár hluti af ráðstöfunartekjum heimilanna.
  - Fæðingarorlof og umönnunarbíl.
    - Fæðingarorlof hefur ekki hækkað síðan í ársbyrjun 2019. Fæðingarorlofið hlutfall af þeim tekjum sem viðkomandi hafði 18 mánuðum fyrir fæðingu barns, ekki þeim launum sem foreldrar hafa þegar barnið fæðist
    - Skortur á dagvistunarræðum. Ekki í boði dagvistun fyrr en við 18-24 mánaða aldur en fæðingarorlof varir bara í 12 mánuði. Vantar að brúa þetta bil
  - Endurskoðun á örorkulífeyriskerfinu
    - Takamarkaðar upplýsingar um útfærslu í áætluninni
  - Umbætur í opinberri þjónustu
    - Boðuð aukin stafvæðing
    - Hagræðing hjá hinu opinbera. Störf lögð niður og stafvæðing tekin upp í staðinn.
    - Stofnanir flytji og sameinist. Breytingar á vinnuumhverfi.
    - BSRB bendir á mikilvægi þess að greind verði áhrif stafvæðingar á störf hjá ríkinu.
- Áherslur BSRB:
  - Almannaþjónustan verði eflað til að auka velsæld og bæta kjör og starfsumhverfi þeirra sem veita þjónustuna.
  - Tekjuöflun verði aukin hjá þeim sem sannarlega hafa svigrúm til þess að greiða hærri skatta. Með því megi tryggja rekstur opinberrar þjónustu og tryggja sjálfbærni ríkissjóðs. Í þessu samhengi mætti til dæmis nefna hátekjuskatt, eignaskatta, bankaskatta, hækkan fjármagnstekjuskatts og hærri hlutdeild almennings af tekjum fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Það ýtir undir velsæld og jöfnuð og mun skila sér í þróttmeira hagkerfi til lengri tíma.
  - Ríkissjóður styðji við fólk í tekjulægri hópum og heimili með þunga framfærslubyrði með eflingu barna-, húsnæðis- og vaxtabótakerfisins.

- Stofnframlög verði augin til að tryggja 1.000 almennar íbúðir árlega og húsnæðis- og vaxtabótarkerfin efla svo að byrði húsnæðiskostnaðar tekjulægri hópa verði ekki umfram 25% af ráðstöfunartekjum
- Hækka þarf lágmarks- og hámarksgreiðslur í fæðingarorlofskerfinu og brúa umönnunarbilið frá fæðingarorlofi til leikskóla.
- BSRB leggur ríka áherslu á að allar breytingar á starfsumhverfi starfsfólks ríkisins verði að höfðu samráði við samtök launafólks.

Opnað á spurningar og umræður.

## **5. 1. maí hvatning**

Þórarinn vekur athygli á því að í ár eru 100 ár frá fyrstu kröfugöngunni í Reykjavík.

Það er mjög mikilvægt að við látum finna vel fyrir okkur í kröfugöngu og almennt 1. maí nk. Þórarinn segir mjög mikilvægt að sýna samstöðu og vera sýnileg. Þátttaka aldrei verið mikilvægari. Það eru mörg mikilvæg mál fram undan í Íslensku samfélagi og launafólk á Íslandi ætlar ekki að sitja hjá í þeim stóru málum sem eru fram undan.

Í lokin kom Jakobína Þórðardóttir í pontu og sagði frá atkvæðagreiðslu um kjarasamning við Ás styrktarfélag. Nýr kjarasamningur var samþykktur með miklum meirihluta greiddra atkvæða (nærri 50% þátttaka og um 80% samþykki.)

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:20